



HRUNAMANNAHREPPUR

32. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 1. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 12. JANÚAR 2017

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 12. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Valdís Magnúsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnarði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Erindi til sveitarstjórnar: Marta Hjaltadóttir.
2. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.
3. Ljósleiðari: Umsóknarferli í Fjarskiptasjóð.
4. Aðsókn 2016 í sundlaug og tækjasal.
5. Leigusamningur Fjallaskálar: Viðauki.
6. Skipulagsstofnun: Umsagnarbeiðni vegna tillögu að mati á umhverfisáhrifum hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.
7. Gjald dagar fasteignagjalda.
8. Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um sérstakan húsnæðisstuðning.
9. Aflið: Styrkbeiðni.
10. Framtíðarskipan húsnæðismála: Húsnæðisáætlun.
11. Stjórn félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum: Ályktanir.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 9. janúar s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneshvíls:

13. Fundargerð 123. fundar skipulagsnefndar frá 8. desember s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. nóvember s.l.
Mál nr. 16: Hrafnkelsstaðir 3A, stofnun lóðar.
Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
14. Fundargerð 124. fundar skipulagsnefndar frá 22. desember s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14. desember s.l.
Mál nr. 1: Auðsholt 2 (Selholt 1), deiliskipulag.
Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
15. Fundargerð 125. fundar skipulagsnefndar frá 11. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa.
Mál nr. 13: Garðastígur 8, breytt notkun húss.
Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
-liggur frammi á fundinum-
16. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 41. fundar stjórnar frá 8. desember s.l.
17. Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 19. fundar frá 6. desember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Bergisinn bs. Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 12. október s.l.
- b. Bergisinn bs. Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 21. október s.l.
- c. Bergisinn bs. Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 19. desember s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 176. fundar frá 2. desember s.l.
- e. SASS: Fundargerð 514. fundar stjórnar frá 25. nóvember s.l.
- f. SASS: Fundargerð 515. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 251. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.
- h. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 5. desember s.l.,
- i. Héraðsnefnd Árneshvíls bs: Fjárhagsáætlun og skipting framlaga 2017.

Kynningarmál:

- j. Nefndarsvið alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
- k. Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Undirbúningur að gerð landskýrslu um innleiðingu Árórsamningsins.
- l. Fulltrúaráð Sólheima: Ályktun.
- m. Þroskahjálpi: Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Athugasemdir við kerfisáætlun Landsnets og umhverfisskýrslu 2016-2025.
- o. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Áætlun um að skipta út dekkjakurli á leik- og íþróttavöllum.
- p. SASS: Húsnæðismál á Suðurlandi.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 844. fundar stjórnar frá 25. nóvember s.l.
- r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 845. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.
- s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Tilkygning um skila starfshóps vegna persónuupplýsingar í Mentor.
- t. UT dagurinn: Nýjar persónuverndarreglur.
- u. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Ársreikningur 2015.
- v. Samband íslenskra sveitarfélaga: Lykiltölur um fræðslumál í sveitarfélögum.
- w. Umhverfisstofnun: Endurgreiðslur vegna minka- og refaveiða.
- x. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Áætlun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks 2017.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Erindi til sveitarstjórnar: Marta Hjaltadóttir.**

Oddviti kynnti erindi frá Mörtu Hjaltadóttur þar sem hún óskaði eftir því að fara yfir þjónustu sveitarfélagsins í málefnum fatlaðra við fjölskylduna. Á fundinn mætti Marta og fór yfir þessi mál og skýrði út hvernig þau snúa að sér. Sveitarstjórn þakkar Mörtu fyrir komuna og innlegg inn í umræðuna um málaflokkinn.
2. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.**

Lögð fram lagfærð tillaga að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 þar sem komið er til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar sem fram komu í bréfi dags. 21. desember s.l.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 með þeim breytingum sem lagðar eru fram og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
3. **Ljósleiðari: Umsóknarferli í Fjarskiptasjóð.**

Oddviti kynnti umsóknarferli og tímaáætlun styrkúthlutunar frá Fjarskiptasjóði vegna ljósleiðara á árinu 2017. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í og senda umsóknir um styrk til Fjarskiptasjóðs um lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi í samvinnu við Grímsnes- og Grafningshrepp og Bláskógabyggð.
4. **Aðsókn 2016 í sundlaug og tækjasal.**

Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlauginu á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2016. Alls sóttu sundlauginu rúmlega 13.000 manns sem er talsverð fjölgun frá fyrra ári. Þá sóttu á árinu 2016 tæplega 2.600 manns tækjasal íþróttahússins sem er talsverð fjölgun frá fyrra ári.
5. **Leigusamningur Fjallaskálar: Viðauki.**

Oddviti kynnti viðauka við leigusamning vegna skála á afrétti Hrunamannahrepps við þau Kristínu Erlu Ingimarsdóttur og Styrmi Þór Þorsteinsson. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi viðauka um að leigusamningnum verði framlengt um fjögur ár frá og með áramótunum 2017 og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
6. **Skipulagsstofnun: Umsagnarbeiðni vegna tillögu að mati á umhverfisáhrifum hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna tillögu að mati á umhverfisáhrifum hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum. Hrunamannahreppur fer með framkvæmda- og byggingarleyfi varðandi hálandismiðstöðina auk þess að

vera leigusali undir lóð hennar í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka tillit til, valkosti, gagnaöflun eða hvernig eigi að vinna úr gögnunum eða hvernig á að setja þær upplýsingar fram í frummatsskýrslu. Sveitarstjórn bendir þá á að taka verði tillit til ákvæða í drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 varðandi hámarksfjölda gesta í gistingu í húsum í hálendismiðstöðinni.

7. **Gjalddagar fasteignagjalda.**

Oddviti kynnti tillögu gjalddaga á fasteignatengdum gjöldum fyrir árið 2107. Þar er gert ráð fyrir að fjölga gjalddögum fasteignagjalda í 8 í stað 6 ef greiðslur eru hærrí en kr. 75.000 kr. Þá er lagt til að greiðslur lægri en kr. 25.000 séu með einum gjalddaga og greiðslur frá kr. 25.001 til 75.000 greiðist á þremur gjalddögum. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

8. **Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um sérstakan húsnæðisstuðning.**

Oddviti kynnti reglur um sérstakan húsnæðisstuðning á húsaleigu umfram almennar húsnæðisbætur. Reglurnar eru samræmdar og gilda í öllum sveitarfélögunum á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Þá er gert ráð fyrir að Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls annist afgreiðslu og meðferð slíkra umsókna. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

9. **Aflið: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni um stuðning við starf Afslins. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

10. **Framtíðarskipan húsnæðismála: Húsnæðisáætlun.**

Oddviti kynnti tilkynningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru hvött til að hraða vinnu við gerð húsnæðisáætlana. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að hefja vinnu við gerð húsnæðisáætlunar fyrir Hrunamannahrepp.

11. **Stjórn félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum: Ályktanir.**

Oddviti kynnti ályktanir frá annarsvegar stjórn félags kennara og hinsvegar frá kennurum í tónlistarskólunum. Sveitarstjórn lítur þá stöðu sem komin er upp sem grafalvarlega. Afar mikilvægt er að samningsaðilar beggja vegna borðsins leiti allra leiða til samkomulags eins fljótt og auðið er.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 9. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð ferða- og menningarnefndar frá 9. janúar s.l. Þar var fjallað um fyrirkomulag gönguferða sumarsins. Kolbrún víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneshvíls:

13. **Fundargerð 123. fundar skipulagsnefndar frá 8. desember s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 123. fundar skipulagsnefndar frá 8. desember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 16: Hrafnkelsstaðir 3A, stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 10.000m² lóðar úr landi Hrafnkelsstaða 3A sem eigi að fá nafnið Sandskarð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málinu verði frestað þar til liggja fyrir frekari upplýsingar um afmörkun lands o.fl.

Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. nóvember s.l.

14. **Fundargerð 124. fundar skipulagsnefndar frá 22. desember s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14. desember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 124. fundar skipulagsnefndar frá 22. desember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 1: Auðsholt 2 (Selholt 1) , deiliskipulag.
Lögð fram deiliskipulagstillaga fyrir íbúðar- og aðstöðuhús fyrir Auðsholt 2 (Selholt).
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til umsagnar Veðurstofu Íslands, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þegar búið verður að laga gögn vegna flóðamarka o.fl.
Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. desember s.l.
15. **Fundargerð 125. fundar skipulagsnefndar frá 10. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa 4. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 125. fundar skipulagsnefndar frá 10. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 13: Garðastígur 8, breytt notkun húss.
Lögð fram umsókn um breytta notkun á hluta húss Flúðasveppa að Garðastíg 8 vegna veitingasölu.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að breytta notkun á þessum hluta hússins með fyrirvara um fullnægjandi lausn á fráveitumálum.
Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. janúar s.l.
16. **Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 41. fundar stjórnar frá 8. desember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 41. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. Þar var fjallað um breytingu á heiti byggðasamlagsins. Lagt er til að byggðasamlagið heiti Umhverfis- og tækni- og Uppsveita bs. Þá er gert ráð fyrir að lén byggðasamlagsins verði www.utu.is og netfang starfsmanna endi á utu.is. Sveitarstjórn samþykkir nafnabreytinguna.
17. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóla: Fundargerð 19. fundar frá 6. desember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshóla frá 6. desember s.l. Þar var fjallað um barnaverndarmál, drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning og reglur um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum. Sveitarstjórn fjallaði um reglur vegna sérstaks húsnæðisstuðning í lið 8 hér að ofan. Sveitarstjórn samþykkir síðan reglur um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Bergisinn bs. Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 12. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Bergisinn bs. Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 21. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Bergisinn bs. Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 19. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 176. fundar frá 2. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **SASS: Fundargerð 514. fundar stjórnar frá 25. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **SASS: Fundargerð 515. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 251. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 5. desember s.l.,**

Lagt fram til kynningar.

- i. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fjárhagsáætlun og skipting framlaga 2017.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- j. Nefndarsvið alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Undirbúningur að gerð landsskýrslu um innleiðingu Árórsarsamningsins.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Fulltrúaráð Sólheima: Ályktun.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Þroskahjálp: Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Athugsemdir við kerfisáætlun Landsnets og umhverfisskýrslu 2016-2025.**
Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um kerfisáætlun og umhverfisskýrslu Landsnets 2016-2025. Sveitarstjórn tekur undir umsögn sambandsins og áréttar að sá valkostur að gera ekki neitt sé ekki valkostur.
- o. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Áætlun um að skipta út dekkjakurli á leik- og íþróttavöllum.**
Lagt fram til kynningar.
- p. SASS: Húsnæðismál á Suðurlandi.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 844. fundar stjórnar frá 25. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 845. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Tilkynning um skila starfshóps vegna persónuupplýsingar í Mentor.**
Lagt fram til kynningar.
- t. UT dagurinn: Nýjar persónuverndarreglur.**
Lagt fram til kynningar.
- u. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Ársreikningur 2015.**
Lagt fram til kynningar.
- v. Samband íslenskra sveitarfélaga: Lykiltölur um fræðslumál í sveitarfélögum.**
Lagt fram til kynningar.
- w. Umhverfisstofnun: Endurgreiðslur vegna minka- og refaveiða.**
Lagt fram til kynningar.
- x. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Áætlun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks 2017.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.